

SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2018, þriðjudaginn 11. september var haldinn 368. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 14, Saltvík 3. hæð og hófst kl. 13:35. Mættir: Gunnlaugur Bragi Björnsson Reykjavík, Björg Fenger Garðabæ, Halla Karí Hjaltsted Kópavogi, Kristín María Thoroddsen Hafnarfirði og Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna, Einar Bjarnason rekstrarstjóri, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Garðabæjar dags. 26. júní sl. þar sem fram kemur að á fundi bæjarstjórnar 21. júní sl. hafi Björg Fenger verið kosin aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Gunnar Einarsson til vara.
2. Lagt fram bréf borgarráðs dags. 9. júlí sl. þar sem fram kemur að á fundi borgarráðs 5. júlí 2018 hafi Gunnlaugur Bragi Björnsson verið kosinn aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.
3. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Kópavogs dags. 17. júlí sl. þar sem fram kemur að Halla Karí Hjaltsted hafi verið kosin aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Guðmundur G. Geirdal til vara.
4. Lagt fram bréf Seltjarnarnesbæjar dags. 17. ágúst sl. þar sem fram kemur að Magnús Örn Guðmundsson verði aðalmaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Sigrún Edda Jónsdóttir til vara.
5. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Hafnarfjarðar dags. 6. sept. sl. þar sem fram kemur að á fundi bæjarstjórnar 5. sept. sl. hafði Kristín María Thoroddsen verið kosin varamaður í samstarfsnefnd skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Valdimar Víðisson til vara.
6. Kjör formanns. Samþykkt að Gunnlaugur Bragi Björnsson fulltrúi verði formaður.
7. Lagðir fram til kynningar samstarfssamningur sveitarfélaga um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. nóvember 2016 og samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 7. maí 2018.
 - kl. 13:50 vék sviðsstjóri ÍTR af fundi.
8. Lagt fram rekstraruppgjör janúar – júní 2018. Fjármálastjóri og framkvæmdastjóri útskýrðu uppgjörið og kynntu starfsemina.
9. Rætt um gjaldskrá skíðasvæðanna. Frestað.
10. Rætt um rekstraráætlun fyrir árið 2019. Frestað.

Fundi slitið kl. 14:52.

Gunnlaugur Bragi Björnsson

Björg Fenger
Halla Kari Hjaltested

Magnús Örn Guðmundsson
Kristín María Thoroddsen